

Nd. 12. Frumvarp til laga [10. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Skógarkot í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.

2. gr.

Verð jarðarinnar skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skógarkot er eyðijörð, húsalaut fylgikot með Hvanneyri. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri notaði jörðina endrum og eins til beitar fyrir hross að sumri til, sem þó gengu aðallega á annarra landi. Runólfur Sveinsson skólastjóri mun hafa notað hana eitt sumar á sama hátt. Núverandi skólastjóri á Hvanneyri mun hins vegar aldrei hafa notfært sér land þetta. Skógarkot liggur sem tunga inn í Grjóteyrarland. Er það um 1600 m að lengd og um 400 m að breidd eða um 64 ha. Fasteignamat er kr. 1200.00. Landið er vegna stærðar og legu ónothæft fyrir aðra en Grjóteyrarbóndann og aðeins til beitar og því eðlilegast, að hann fái jörðina keypta.